



Árvekni- og viðbragðsáætlun skólans v. ofbeldis

Grunur um ofbeldi, vanrækslu og/eða kynferðisofbeldi

Einkenni:

Sýnilegir áverkar á nemanda sem erfitt er að útskýra
Beinbrot, rispur og klór sjáanleg
Áverkar eða marblettir á andliti, sprungin vör, áverkar á höfði...
Marblettir á baki, maga handleggjum og fótum eins og eftir fingur
Áverkar á innanverðum lærum, kynfærum, sviði eða kláði á innanverðum lærum
Nemandi á erfitt með að sitja eða ganga
Vont að pissa eða blóðleitur vökvi í buxum
Sýking eða útferð
Nemandi vill ekki fækka fótum í leik eða íþróttum
Óeðlileg vitneskja um kynferðislegar athafnir miðað við aldur
Segir frá kynferðislegri hegðun gagnvart sér.

Grunur um andlegt ofbeldi/vanrækslu eða óviðunandi uppeldisaðstæður

Einkenni:

Nemandi er illa hirtur og fatnaður illa lyktandi
Vannæring
Nemandi er sóttur of seint eða illa í skóla
Ekki farið með barnið til tannlæknis eða læknis
Nemandi sýnir almenna vanlíðan
Nemandi fer að sýna óeðlilega hegðun í samskiptum og leik
Nemandi segir starfsmanni/kennara frá einhverju sem telst ekki eðlilegt

Hver ættu viðbrögð starfsmanna/kennara að vera þegar grunur vaknar um kynferðisofbeldi eða vanrækslu?

Halda ró sinni
Skrá niður öll atvik þegar tækifæri gefst til
Sýna ekki sterk viðbrögð með upphrópunum eða andlitssvip
Mikilvægt er að hlusta á barnið og leyfa því að tala, **ekki** spyrja nemandann leiðandi spurninga heldur spyrja “ hvar varstu þegar það gerðist” og “hvar var hann/hún þá?
Aldrei láta nemandann í hendur á foreldri eða aðstandenda ef það er sýnilega undir áhrifum áfengis eða vímuefna.

Hvert skal starfsmaður/kennari leita til að láta vita um atburði?

Starfsmaður/kennari skal tilkynna skólastjóra/aðstoðarskólastjóra og þar er málinu velt upp eftir ástæðu þess. Þegar um greinilegan kynferðisglæp/eða ofbeldi er að ræða af einhverjum á heimili nemandans skal tilkynna strax til Barnaverndarnefndar og starfsmaður hennar tekur við málinu.
Grunnskólinn tilkynnir samkvæmt 17.grein barnaverndarlaga og þá í nafni skólans en ef að skólastjórnendur vilja hins vegar ekki tilkynna getur starfsmaður/kennari tilkynnt samkvæmt 19.grein barnaverndarlaga og farið fram á nafnleynd gagnvart foreldrum.